

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/267
komudagur 18.6.2009

Viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um mál 85

Með bréfi dagsettu 11. júní er óskað eftir umsögn Sparisjóðs Svarfdæla um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 85. mál, sparisjóðir. Af þessu tilefni viljum við koma með eftirfarandi ábendingar.

Í frumvarpinu eru nokkur ákvæði sem auðvelda munu sparisjóðum að starfa áfram sem sjálfstæðar einingar í sinni heimabyggð og er það vel. Í því sambandi viljum við nefna sérstaklega að tekin eru af öll tvímæli um heimild sparisjóða til samvinnu með ákvæðum í 9. grein frumvarpsins um útvistun verkefna. Þessu ákvæði ber að fagna.

Hins vegar er ýmiss ákvæði um stofnfé sem í frumvarpinu eru mjög varhugaverð og eru í andstöðu við þá hugmyndafræði sem legið hefur að baki sparisjóðastarfseminni frá upphafi. Okkur er ljóst að sú skoðun hefur legið í loftinu hjá ýmsum í kerfinu að færa þurfi niður stofnfé hjá þeim sparisjóðum þar sem eigið fé er orðið lægra en bókfært stofnfé, þ.e. að tap á rekstri hefur orðið til þess að annað eigið fé er orðið neikvætt. Engin slík heimild er í núgildandi lögum og aldrei áður hefur verið gerð krafa um slíkt.

Andi laga um stofnfé í sparisjóði var í upphafi, og er enn í hugum flestra, að stofnfé sé allt annað fyrirbæri en hlutafé og lúti öðrum lögmálum. Hlutafé á tilkall til alls eiginfjár hlutafélags en stofnfé ekki. Þannig eru hluthafar eigendur hlutafélags en stofnfjáreigendur eru ekki eigendur sparisjóðs heldur skilgreindir sem gæslumenn sparisjóðs. Það er fyrst og fremst ákvæði 7. greinar frumvarpsins um lækkingu stofnfjár sem breytir þeim anda sem verið hefur og þá sérstaklega að þetta ákvæði er eingöngu komið inn í frumvarpið að kröfu ríkisvaldsins vegna fyrirhugaðrar aðkomu þess að endurreisn sparisjóðanna.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar margar tilaunir til að komast yfir annað eigiðfé sparisjóðanna og tóku margir sjóðir til varnar. Í þeim slag var vörn í því að andi laga um sparisjóði var að stofnfé átti ekki tilkall í annað eigiðfé. Nú eru hugmyndir uppi um að heimilt verði að meta stofnfé niður og taki þá stofnfé mið af bókfærðu virði sparisjóðsins. Þannig fer stofnfé að lúta sömu lögmálum og hlutafé án þess að hafa skilgreindan status eins og hlutafé. Um leið er fallin sú röksemd að stofnfjáreigendur eigi ekki hlutdeild í öðru eiginfé. Ef stofnfjáreigendur eiga hlutdeild í neikvæðu eiginfé hljóta þeir að eiga það líka í jákvæðu.

Samfélagslegt yfirbragð sparisjóðanna mun þar með hverfa. Eftir slíka meðferð stofnfjár sem fyrirhuguð er verður stofnfjáreigandi óumdeilanlega eigandi sparisjóðsins þar sem hann er farinn að bera tap sjóðsins á hann jafnframt fullann rétt til hagnaðar. Með þessu munu þeir hafa fullan sigur sem gerðu atlögu að því sem kallað var “fé án hirðis”.


Nú er hins vegar möguleiki að endurskilgreina stofnfé og ná þeim anda sem hér áður var talið að fælist í stofnfjársparisjóði, þ.e. að stofnfjáreigendur ættu ekki tilkall til annars eiginfjár hvort sem það er jákvætt eða neikvætt. Á fundum sparisjóðanna hafa menn staðnæmst við skilgreiningu stofnfjár sem innláns sem hefur stöðu eiginfjár líkt og víkjandi lán. Þetta "innlán" er vísitölutryggt og ber vexti sem þá er arður og aðalfundur sparisjóðsins ákveður eftir þeim reglum sem settar verða um slíkt. Með þessu móti á stofnfé engan rétt á öðru eiginfé.

Stofnfjáreigendur fengu almennt ekki að njóta þess hve eigiðfé margra sjóða óx mikið um tíma vegna þess að stofnfé átti ekki tilkall í annað eigið fé. Nú virðist hinsvegar eiga að refsa stofnfjáreigendum með því að færa stofnfé þeirra niður og láta þá taka skellinn, eins og um hlutafé væri að ræða.

Dalvík 18. júní 2009.

Virðingarfyllst,


Jónas Pétursson sparisjóðsstjóri


Jóhann Antonsson stjórnarformaður